

unna. Fundu, hvað úr þeim hefði orðið án hennar; hvernig þeir hefðu verið líklegir til þess að leiðast út í soll og rata í ógæfu og verða að misindismönnum, eins og þessi vesalingur, ef áhrifin hennar móður þeirra hefðu ekki verndað þá.

Um bandingjann segir sagan ekkert frekar. Aðal-tilgangur hennar er að vekja hluttekning með hinum móðurlausu og nærgætni við þá og kærleika til þeirra. Líka er tilgangur hennar sá, að minna þá á, sem góða móður eiga, hvað mikil blessun það sé fyrir þá og fyrir hvað mikið þeir megi vera þakklátir, til þess þeir verði betri við hana móður sína og færi sér betur í nyt hjálpina hennar.

Margur unglingurinn hugsar lítið um það fyrr en um seinan, hvað hann á henni móður sinni upp að unna, og hvað það eiginlega er að eiga góða og kærleiksrika móður. Þess vegna eru þeir svo miklu verri við hana en þeir ella myndu vera, ef þeir hugsuðu um, hvað þeir væru að gera. Þeir myndu ekki skaprauna henni eins oft með þráa og óhlýðni og hortugum orðum — ekki serra eins með framferði sínu *hjartað, sem ann þeim heitast og heilast.*

Börn! verið góð við hana mömmu ykkar. Þið getið aldrei verið of góð við hana. En sýnið henni ekki blíðu bara með því að klappa henni og kyssa hana og segja henni, að ykkur þyki svo undur vænt um hana, heldur eigið þið um fram alt að sýna henni, að þið elskið hana, með hlýðni og hjálpsemi.

ÖRLÆTI.

Við guðsþjónustu eina síðastliðinn Ágústmánuð, um það leyti ársins einmitt, sem guðsþjónustur eru því miður vanalega illa sóttar, kom inn offur til trúboðs upp á 27 hundruð dollara.

En það hefur verið í stórborg og í stór-auðugum söfnuði—hugsar líklega einhver. Nei! Það var nú einmitt ekki í neinni stórborg. Ekki heldur var það í stór-kirkju neins stór-safnaðar. Og engir stór-auðugir menn voru viðstaddir — engir millíóna-eigendur, er snarað geta út nokkrum hundruðum eða þúsundum án þess að finna nokkra ögn til þess efnalega, þó þeir kunni líklega að finna til þess á einhvern annan hátt. Þótt undarlegt megi þykja, kom þetta fyrir í indíönsku héraði einu í Suður-Dakota í Bandaríkjunum. Söfnuðurinn, sem bar fram offrið, voru indíanskar konur, sem höfðust við í tjöldum um heitasta tímann. Þeim var svona ant um trúboðið. Og þær áttu svona